



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 20. júlí 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 15.30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Kristín B. Leifsdóttir. Guðný Harðardóttir ráðgjafi hjá Strá ráðningarstofu, sat einnig fundinn undir dagskrárlið 1.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ráðningarferli sveitarstjóra

Sveitarstjórn ræddi umsóknir sem borist höfðu um starf sveitarstjóra og Guðný Harðardóttir skýrði auglýsingaferlið og yfirferð og mat á umsóknum. Fyrir fundinn hafði sveitarstjórn tekið viðtöl við tvo af þremur umsækjendum sem boðaðir voru í viðtal vegna ráðningar í stöðu sveitarstjóra en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Sveitarstjórn ræddi stöðu ráðningaferlisins og mat sitt á umsóknum og samþykkti að auglýsa stöðuna aftur um miðjan ágúst. Guðnýju Harðardóttur falið að senda umsækjendum bréf þar sem þeim verður tilkynnt um stöðu málsins og að umsóknir séu áfram í gildi.

Oddvita falið að ræða við fráfarandi sveitarstjóra að starfa lengur fyrir Sveitarfélagið.

2. Sala fasteigna

Fyrir fundinum lá kauptilboð frá Domus fasteignasölu þar sem Arnar Ólafur Viggósson og Guðrún Elsa Helgadóttir gera tilboð í íbúð sveitarfélagsins að Suðurvegi 24.

Sveitarstjórn ræddi tilboðið og samþykkti að óska eftir að Domus fasteignasala geri tilboðsgjöfum gagntilboð með fyrirvara um utanhússfrágang þar sem viðgerðir eru í undirbúningi.

3. Skipun eins fulltrúa í stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra

Sveitarstjórn samþykkti að Halldór Gunnar Ólafsson sitji fyrir hönd sveitarfélagsins í stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra.

4. Skipun persónuverndarfulltrúa

Sveitarstjórn samþykkti að skipa Svavar H. Viðarsson, kt. 080472-3319 sem persónuverndarfulltrúa, tímabundið þar til varanleg lausn á persónuverndarmálum er fundin.



5. Önnur mál

Ekki voru tekin mál fyrir undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 17.30

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir